



## Ráðleggingar Landlæknisembættisins til starfsmanna skóla vegna lyfjagjafa í skólum

Landlæknisembættið hefur sett fram leiðbeiningar um tilhögun lyfjagjafa til nemenda í grunnskólum, sjá vefsetur Landlæknisembættisins, [landlaeknir.is](http://landlaeknir.is). Ljóst er að ákveðinn fjöldi nemenda þarf á lyfjagjöf að halda vegna heilsufarsvanda.

Úttekt á þörf nemenda fyrir lyf á skólatíma sýnir að það eru ekki margir nemendur sem þurfa að taka lyf á skólatíma. Landlæknisembættið telur því að skýrar og einfaldar reglur um aðkomu starfsfólks skóla og heilsugæslu að lyfjagjöf séu nauðsynlegar. Einnig að þær séu settar fram á þann hátt að þær verði ekki íþyngjandi. Mikilvægt er að gott samstarf sé við foreldra varðandi lyfjagjafir nemenda og að skýrt sé hvert hlutverk skólans er hvað hana varðar.

Mikilvægt er að allir starfsmenn skólans geri sér grein fyrir því að nemandi sem þarf á lyfi að halda tekur það á þeim forsendum að læknir hans telur það nauðsynlegt. Gæta þarf að því að ekki skapist umræða í skólasamfélaginu um þörf eða gagnsemi viðkomandi lyfs sem gæti haft neikvæð áhrif á líðan nemandans. Þess vegna er mikilvægt að sá sem afhendir nemanda lyf geri það af virðingu og væntumþykju á sama hátt og í öðrum samskiptum.

Þá þarf einnig að huga að þörfum nemandans í lyfjagjöfinni sjálfri. Má þar nefna að ef um töflu er að ræða að gætt sé að því að vökvi sé tiltækur til að auðvelda töku lyfsins.

Landlæknisembættið vill koma á framfæri þeim fimm lykilþáttum sem settir hafa verið fram til að tryggja öryggi og gæði lyfjagjafa. Þeir eru:

- Rétt lyf
- Réttur einstaklingur
- Réttur skammtur
- Rétt aðferð/inntaka
- Réttur tími

Landlæknisembættið vonar að þessar ábendingar og leiðbeiningar verði til þess að nemendur sem þurfa á lyfjum að halda á skólatíma fái þau á öruggan hátt.

Landlæknisembættið, 20. október 2010